

Nr. 18-004 S 003 Andey GK 66***Bilun í skrúfubúnaði og dregin í land***

Skipaskr.nr. 2405
Smíðaður: Noregi, 1983, terfjaplast
Útgerð: Stakkavík ehf.
Stærð: 27,22 brl. 25,10 bt.
Mesta lengd: 14,29 m *Skráð lengd:* 13,95 m
Breidd: 4,16 m *Dýpt:* 1,95 m
Vél: Yanmar, 121,36 kw, 1983
Fjöldi skipverja: 3



Andey @ Skipaskrá

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. janúar 2018 var Andey GK 66 á línuveiðum út af Reykjanesskaga. Veður: SSA 5 m/s.

Þegar sett var á fulla ferð dró niður í vélinni og skrúfan hætti að snúast. Guðbjörg GK 666 dró skipið áleiðis til hafnar en varð að hætta við dráttinn þar sem dráttartógið slitnaði í sífellu. Þá kom björgunarskipið Hannes Þ. Hafsteinn frá Sandgerði og dró bátinn til hafnar í Sandgerði.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var upphaflega smíðaður sem rannsóknarskip;
- að skrúfan var drifin áfram af glussarótor;
- að bilunin var í glussarótornum og sat hann fastur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.